

NES FRÉTTIR

JANÚAR 2013 • 1. TBL. • 26. ÁRG.

AUGLÝSINGASÍMI
511 1188



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Frumherji
Bifreiðaskoðun
Hólmaslóð 2
Sími 570 9000
www.frumherji.is

SELTJARNARNESBÆR



www.seltjarnarnes.is



Trimmsklúbbur Seltjarnarness stóð fyrir kirkjuhlaupi á öðrum degi jóla. Mæting var framar vonum og stemningin góð en alls tóku 110 manns þátt í hlaupinu þar sem hlaupið var á milli nokkurra kirkna í Vesturbæ Reykjavíkur og Seltjarnarness. Að loknu hlaupinu bauð Seltjarnarneskirkja hlaupurunum upp á heitt kakó og smákökur.

Mynd: Katrín Lilja.

VEISLUBAKKAR
PANTANIR Í SÍMA
517 3366
WWW.SUSHIMIDJAN.IS



sushimiðjan

RESTAURANT
VIÐ SMÁBÁTAHÖFINA
OPIÐ TIL 22:00



**Slökkvitækja-
þjónustufan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!

**PANTAÐU
Á NETINU**

www.dominos.is sími 58-12345



Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  **Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Vesturgötu 15, 101 RVK. S: 511 1188 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þóroddur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift fritt í hvert hús á Seltjarnarnesi

www.borgarblod.is

Leiðari

Bærinn þarf að bregðast við

Á síðasta ári var samþykkt að verja 85 milljónum króna til hjúkrunarheimilis sem átti að rísa við hliðina á Seltjarnarneskirkju. Nú virðist þau áform í uppnámi og ekki víst að verði af þessari framkvæmd. Fram eru komnar hugmyndir um aðra staðsetningu, helst við hliðina á Læknaminjasafninu en einnig hefur verið bent á lóð sem bærinn á fyrir ofan Bakkavörina. Aldrei hefur verið minnst á Valhúsaæðina í þessu sambandi en þar er einnskinnsmannsland þar sem byggja mætti hjúkrunarheimilið. Ef ekki verður hafist handa um byggingu hjúkrunarheimilisins á þessu ári verður samstarfssamningurinn sem gerður var við Grund í uppnámi og spurning um hvernig áfram verður þá haldið á þessu máli. Spurning er um hvort rétt væri að íbúar Seltjarnarness fengju að kjósa um þetta mál í íbúakosningu.

Nú vill meirihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar hætta þátttöku sinni í rekstri Lækninjasafnsins og að ríkið yfirtaki samninginn sem gerður var um byggingu þess og rekstur. Læknafélag Reykjavíkur og Læknafélag Íslands lögðu 50 milljónir í þessa uppbyggingu og vilja fá sitt framlag endurgreitt með vöxtum verði þetta raunin. Samfylkingin og Neslistinn í bæjarstjórn Seltjarnarness hafa lagt fram bókun um að samningurinn verði framlengdur um eitt ár á meðan aðrar lausnir verða skoðaðar. Þetta er staðan sem nú blasir við bæjarfélaginu og þarf bæjarstjórn Seltjarnarnes því að bregðast fljótt við báðum þessum málum.

Hrólfsskálamelur:



Allt jarðefni verður nýtt á Nesinu

Nú eru að hefjast framkvæmdir við byggingu nýs fjölbýlishúss á Hrólfsskálamel. Vegna byggingaframkvæmdanna er gert ráð fyrir að allt að 17.000 rúmmetrar af mól og grús falli til. Í stað þess að láta flytja umframefni frá byggingarstað með ærnum tilkostnaði fyrir byggingaraðila hefur Seltjarnarnesbær ákveðið að þiggja nýtanlegan hluta efnisins, sem byggingaraðili yrði að fjarlægja, og geyma hluta þess og nýta á næstu misserum á sviði sjóvarnargarða og aðkomuleiða í landi Seltjarnarness.

Ásgerður Halldórsdóttir bæjar-

stjóri segir að mikil verðmæti felast í jarðefninu en það er nær eingöngu náttúrulegt og stendur saman af klöpp og sjávarkambi Hrólfsskálamela. Efníð verður geymt tíma-bundið í nágrenni athafnasvæðis við Bygggarða. Ljóst er að með þessari fyrirhyggjusemi sparar bærinn milljónir króna, sem annars færu í kostnað við öflun nýs jarðefnis fyrir framtíðarverkefni bæjarins. Verkefnið á Hrólfsskálamel er í eigu og umsjón Stólpa ehf. en Verkfræðistofan Ferill ehf. stýrir framkvæmdum.

Aðalfundur framundan?

Heildarlausn í rekstri húsfélaga.



www.eignausmjón.is
S. 585 4800, Suðurlandbraut 30.

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188



20% afsláttur
fyrir eldri borgara og
öryrkja miðað við staðgreiðslu

Nesbúinn



Hver á að ákveða staðsetningu hjúkrunarheimilissins?

Starfsmannafélög- in sameinuð

Starfsmannafélag Seltjarnarnesbæjar og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafa verið sameinuð. Ingunn H. Þorláksdóttir formaður Starfsmannafélags Seltjarnarness og Garðar Hilmarsson formaður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar undirrituðu skömmu fyrir áramót samkomulag um sameiningu félaganna tveggja sem tók gildi um nýliðin áramótum. Félagar í Starfsmannafélagi Seltjarnarness munu því frá 1. janúar tilheyra Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar frá 1. janúar 2013 að telja.

Aukaaðalfundur var haldinn í Starfsmannafélagi Seltjarnarness vegna málsins og greiddu 30 atkvæði á fundinum. Alls voru 22 fylgjandi sameiningunni en átta greiddu atkvæði á móti. Sameiningin var síðan samþykkt á fulltrúaráðsfundi í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Ingunn H. Þorláksdóttir er fulltrúi fyrrum félagsmanna í Starfsmannafélagi Seltjarnarnesbæjar í mannaússjóði Samflots og Samflots bæjarstarfsmannafélaga þar til núgildandi kjarasamningur rennur út 2014.

Eru rennurnar og niðurföllin hjá þér farin að leka?




Fyrirtækið Rennur & Niðurföll tekur að sér að endurnýja og laga rennur & niðurföll, einnig aðra þakvinnu og þakmálun.

Upplýsingar í síma 694 8448, Ólafur

Íbúðir til sölu á Seltjarnarnesi



Nánari upplýsingar hjá söluaðilum:



Hrólfsskálamelur á Seltjarnarnesi

Hrólfsskálamelur 4, 1 íbúð.
Hrólfsskálamelur 6, 3 íbúðir.
Hrólfsskálamelur 8, 3 íbúðir.

Íbúðirnar afhendast fullbúnar með gólfefnum.

Hátúni 2b | 105 Reykjavík
Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | www.landey.is



Ekkert samkomulag um staðsetningu hjúkrunarheimilis

Ekkert samkomulag er um staðsetningu hjúkrunarheimilis á Seltjarnarnesi. Skipulags- og mannvirkjanefnd Seltjarnarnesbæjar ályktaði á fundi sínum 7. desember sl. að óbreytt tillaga Arkís að staðsetningu þess falli ekki að byggðamynstri og götumynd svæðisins þar sem fyrirhugað var að reisa bygginguna því hún muni skyggja á ásýnd Seltjarnarneskirkju. Ályktun nefndarinnar kemur í kjölfar athugasemda sem borist höfðu fjárhags- og launnefnd bæjarins frá sóknarnefnd og arkitekt kirkjunnar við áform um staðsetningu hjúkrunarheimilis. Þetta þýðir enn frekari frestun á byggingu hjúkrunarheimilisins sem hefur verið á dagskrá frá árinu 2009. Bæjarstjórn mun taka málið til meðferðar þegar hún kemur saman nú á nýju ári.

Um tvö ár eru liðin frá því Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri Seltjarnarnes og Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra undirrituðu samning um byggingu hjúkrunarheimilisins og átti framkvæmdum að vera lokið á seinni hluta þessa



Þannig lítur hugmyndin um hjúkrunarheimili í nágrenni Nesstofu út á tölvumynd.

árs. Í samningnum er kveðið á um að Seltjarnarnesbær leggi heimilinu til lóð og annist um hönnun þess og byggingu. Gert er ráð fyrir að ríkið greiði bænum hlutdeild í húsaleigu vegna húsnæðisins sem ígildi stofnkostnaðar og á sú greiðsla samkvæmt samningnum að fara fram á 40 árum. Áætlaður kostnaður við byggingu heimilisins er um 1.100 milljónir króna og hlutur Seltjarnarnesbæjar af þeirri upphæð yrði um 15%.

Skoðanir eru skiptar um stað-

setningu hjúkrunarheimilisins einkum vegna nálægðar við Seltjarnarneskirkju. Eftir að lagt var til að byggja heimilið í nágrenni kirkjunnar kom í ljós að Seltjarnarnesbær átti ekki alla lóðina heldur skaraðist hluti hennar við lóð hennar. Eftir það hófust viðræður bæjarfyrirvalda og sóknarnefndar um mögulega hlutdeild í lóð kirkjunnar fyrir hjúkrunarheimilið. Þær viðræður hafa ekki leitt til niðurstöðu en sóknarnefnd telur að fyrirhuguð bygging muni skyggja á helg-

uansvæði kirkjunnar auk þess að standa of nálægt Kirkjubraut. Ekkert liggur því fyrir um staðsetningu hjúkrunarheimilisins nú rúmum tveimur árum eftir að samningar voru gerðir við ríkið um byggingu þess og að nær fjórir áratugir séu liðnir frá því fyrst var rætt um nauðsyn þess að byggja hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi. Einna helst hefur verið rætt um svæði við Bygggarða skammt frá Nesstofu en hugsanlegt er að fleiri svæði komi til greina.

Lokið við Hrólfsskálamel 2 til 8

Nýlega var lokið við framkvæmdum við íbúðir að Hrólfsskálamel 2 til 8. Um er að ræða 3. hæða lyftuhús með rúmgóðum bílakjallara. Í húsinu er 26 íbúðir í fjórum stigagöngum, almennt eru tvær íbúðir á hæð í hverjum stigagangi. Viðtökurnar hafa verið mjög góðar enda staðsetningin einstök og íbúðirnar glæsilegar. Í dag eru einungis nokkrar íbúðir eftir óseldar. Stærð þeirra er frá 93 fermetrum til 157 fermetra og fylgir hverri íbúð 1 til 2 stæði í bílakjallaranum.

Íbúðirnar eru skemmtilega hannaðar sem gerir það t.d. að verkum að stofur og herbergi eru mjög rúm. Arkitektastofan Hornsteinar hannaði húsið. Óseldum íbúðum er skilað fullbúnum með gólfefnum, íbúðirnar

eru því tilbúnar til afhendingar. Íbúðirnar eru mjög glæsilegar og vel útbúnar. Þannig eru vandaðar innréttingar frá GKS og eldhústæki frá Miele. Gólfhiti og hljóðgólf eru í íbúðunum ásamt gólf síðum gluggum í stofum. Lofthæð er almennt um 2,7 metrar sem er hærra en almennt þekkest. Í íbúðunum er loftskiptakerfi, niðurtekin loft og vandað efnisval í alla staði. Allar íbúðir hafa rúmgóðar svalir og allur frágangur og hönnun á sameign, þar á meðal stigagöngum og lyftu er mjög vandaður.

Nánari upplýsingar um íbúðirnar má finna á heimasíðu verkefnisins www.hrolfsskalamelur.is eða hjá söluaðilum.

SKIPTU UM SKOÐUN

Það er ódýrara.



TÉKKLAND
Bifreiðaskoðun

Tékkland 8.945

Aðalskoðun 9.840

Frumherji 9.600

Samanburður á verðskrá aðalskoðunar bifreiða undir 3.500 kg að leyfðri heildarþyngd, skv. vefsíðum fyrirtækjanna 1. janúar 2013

Minnihlutinn vill breyttan samning

Minnihluti bæjarstjórnar Seltjarnarnesbæjar hefur lagt til að óskað verði eftir að nágildandi samningur við menntamálaráðuneytið um byggingu Lækningaminjasafnsins á Seltjarnarnesi verði framlengdur um eitt ár og sá tími verði nýttur til viðræðna um nýjan samning sem feli í sér athugun á breyttu hlutverki safnsins, breyttu rekstrarformi eftir atvikum og nýja tímaáætlun og áfangaskiptingu framkvæmda. Tillaga minnihlutans var lögð fram á bæjarstjórnarfundi 12. desember sl. eftir að bæjaryfirvöld tilkynntu menntamálaráðuneytinu bréflaga að Seltjarnarnesbær vildi losna frá samningnum um Lækningaminjasafnið.

Samkvæmt samningnum á Seltjarnarnesbær að bera ábyrgð á framkvæmdum við safnabygginguna en kostnaður við hana var upphaflega áætlaður 345 milljónir króna. Seltjarnarnesbær skuldbatt sig til að leggja til 110 milljónir króna auk lóðar undir safnið og Læknafélag Íslands 50 milljónir króna. Menntamálaráðuneytið átti að greiða 75 milljónir króna en að auki á söluandvirði fasteignarinnar Bygggarða 7 á Seltjarnarnesi að renna til framkvæmdarinnar. Bygggarðar 7 voru keyptir fyrir erfðafé Jóns Steffensen, prófessors emeritus, sem arfleiddi Læknafélag Íslands að tilteknum eignum og fjármunum í erfðaskrá sinni. Safnið á samkvæmt samningnum að starfa sem stofnun á vegum bæjarfélagsins og verða miðstöð safnastarfssemi á sviði lækna- og heilbrigðisvísinda auk þess að bera ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknunum og miðlun á þeim munum og minjum sem snerta sögu lækninga á Íslandi en þær tengjast Seltjarnarnesi með



Hálfbyggt safnahús við Nesstofu.

sterkum hætti þar sem landlæknir hafði aðsetur í Nesstofu á fyrri tíð. Byggingin á að auki nýtast undir aðra menningartengda starfssemi Seltjarnarnesbæjar. Talið er að 300 - 400 milljónir króna þurfi til þess að ljúka við nýtt safnahús ef miðað er við upphaflegar teikningar. Byggingin er nú fókheld og henni hefur verið lokað. Bæjaryfirvöld á Nesinu telja að sveitarfélagið muni ekki geta lokið þessum framkvæmdum.

Safnstjórnin ákveður að leggja safnið niður

Í ljósi ákvörðunar meirihluta bæjarstjórnar hefur stjórn Lækningaminjasafnsins falið safnstjóra að vinna að því að leggja safnið niður í samstarfi við Ásu Finnsdóttur stjórnslustjóra Seltjarnarnesbæjar. Frágangur á eignun safnsins á samkvæmt ákvörðun stjórnarinnar að fara fram í samvinnu við Þjónminjasafn auk þess sem safnstjóra var falið að ræða við Þjóðminjavörð og menntamálaráðherra um leiðir til þess að unnt verði að ganga frá óloknum verkefnum sem tengjast lækningaminjum í eigu Þjóðminjasafnsins. Þá hefur Anna

Þorbjörg Þorgrímsdóttir safnstjóri sagt upp störfum.

Bent á fjármunina

Í greinargerð minnihlutans með tillögunni kemur fram að í ljósi þess hve miklir fjármunir hafa þegar verið lagðir í verkið liggja beinast við að finna leið til að ljúka því og eignast kennileiti fyrir Seltjarnarnes til framtíðar, til styrktar mynd og lífsgæðum. Einnig sé ljóst að Seltjarnarnesbær hafi ekki bolmagn til að setja háar fjárhæðir til þessarar uppbyggingar á hverju ári og líklegt megi telja að það sama eigi við um ríkissjóð. Því þurfi að finna leið til að taka næstu skref með höflegum fjárframlögum beggja aðila og taka þá hugsanlega lengri tíma í uppbyggingu auk þess að skoða aðkomu fleiri aðila að verkefninu. Minnihlutinn leggur til að næsta skref verði að hefja viðræður um breyttan samning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um framlag út frá hugmyndum um breytt rekstrarfyrirkomulag og endurgerðum tillögum um áfangaskiptingu framkvæmda. Í greinargerðinni segir að fyrsti áfangi gæti tekið um tvö ár og

feli í sér að ljúka frágangi geymslu- og vinnurýmis í nýbyggingunni til að geta losað Bygggarða 7 þar sem nú eru geymslur og skrifstofuaðstaða safnsins. Við sölu þess húss kæmu fjármunir til frekari uppbyggingar safnsins en íslenska ríkinu, eiganda hússins, er ekki heimilt að selja það nema að minjum verði komið fyrir í lækningaminjasafni í Nesi. Verði miklar tafir á þessu geti það komið niður á uppbyggingu íbúðahverfis í Bygggöðum.

Fá fleiri aðila að rekstri safnsins

Síðan segir að safnið yrði byggt upp að öðru leyti á þeim framkvæmdahraða sem fjármunir leyfa og yrði sú uppbygging áfangaskipt og mætti sjá fyrir sér að safnið yrði smám saman tekið í notkun miðað við þá áfangaskiptingu. Þá er einnig bent á að samhliða fyrsta áfanga þurfi að vinna að því að fá fleiri aðila til samstarfs um rekstur hússins. Megi þar nefna fyrirtæki eða stofnanir sem hagsmuna hafa að gæta. Einnig þurfi að fá fram skýrari mynd af því hvert umræða um sameiningu safna leiðir samanber fréttir í fjölmiðlum að undanfögnu og ummæli ráðamanna. Þá segir að kanna þurfi hvort taka eigi upp nýtt rekstrarform og þá sérstaklega stofnun sjálfseignarstofnunar í eigu stofnaðila safnsins sem tæku yfir ábyrgð á rekstrinum gagnvart þeim líkt og gert er í rekstri Minjasafns Akureyrar og yrði það þá liður í nýjum samningi samstarfsaðila. Að lokum kemur fram að það sé eindreginn vilji Samfylkingar og Neslista að láta Lækningaminjasafnið ekki renna Seltirningum úr greipum heldur að bærinn hafi forgöngu um að leita leiða til þess að ljúka verkefninu á sem hagkvæmasta hátt.

Tapas
Deluxe

SPENNANDI NÝJUNG

FJÓRIR NÝIR DELUXE RÉTTIR Á MATSEÐLI
– ÞÚ VERÐUR AÐ SMAKKA

Wagyu/Kobe nautakjöt

Wagyu/Kobe nautafillet með grilluðum portobello-sveppum og sultuðum rauðlauk

Villisvín

Villisvínafilett með hvítlaufs-kartöflumús, butternut squash, Piquillopapriku og chorizosósu

Ferskur sverðfiskur

Nýveiddur grillaður sverðfiskur með romescosósu, capers, Kalamataólífum og pönnusteiktu smælki

Risahörpuskel

Pönnusteikt risahörpuskel með „brenndu“ blóm-kálsmauki, þurrkuðum serranoteningum og súkkulaði-balsamiksósu

Til í takmörkuðu magni.



RESTAURANT - BAR
Vesturgötu 3B | 101 Reykjavík | Sími 551 2344 | www.tapas.is

Húsfyllir á „jólatrijáskemmtun“

Jólatrijáskemmtun Nesvina og HP Optime var haldin fyrir troðfullu Rauðu Ljóni laugardagskvöldið 29. desember. Hátíðin var frábærlega sótt og vel heppnuð í alla staði.

Húsið opnaði kl. 20.30 og kl. 21.00 var kvikmynd úr safni HP Optime

sýnd en að þessu sinni var sýnd óklippipt útgáfa af Mottuhlaupinu 1995 í leikstjórn og umsjón Sigurðar Óla Sigurðssonar. Því næst tók Björn Gíslason við með svokallað „pub quiz“ en það er spurningakeppni þar sem að gestum gafst tækifæri á því að vinna til verðlauna

fyrir góða frammistöðu. Að því loknu var uppboð á munum úr safni meðlima HP Optime og var safnað í þágu mikilvægs málefnis. Söfnuðust tæplega 50 þúsund krónur og er fólki þakkað fyrir framlög sín. En hápunktur hátíðarinnar var að sjálf-sögðu tónleikar hljómsveitarinnar

Nesvina en bandið spilaði stanslaust af miklum krafti fram á rauða nótt. Rúmlega 500 vinir Nessins komu við á Ljóninu og skemmtu sér konunglega að vanda.

Ljósmyndir:
Eyjólfur Sigþór Garðarsson.



Sýningarleiðsögn, Safnanótt og nýr bæjarlistamaður

Gleðin við völd í Eiðisskeri

„Þetta eru myndir sem gera mann glaðan“ sagði einn gesturinn á sýningu Aleksöndru Babik sem opnaði í Eiðisskeri, sal Bókasafns Seltjarnarness fimmtudaginn 10. janúar. Þetta eru orð að sönnu en á sýningunni sem ber yfirskriftina Lífið er list er að finna ný og heillandi verk eftir Aleksöndru þar sem litagleði og ljóðræn fegurð ræður ríkjum. Aleksandra býður upp á leiðsögn um sýninguna fimmtudaginn 24. janúar kl. 17 þar sem allir eru boðnir velkomnir.

Aleksandra og fjölskylda hennar hafa búið á Seltjarnarnesi síðustu ár, en hún er fædd í Skopje í Makedóníu. Hún ólst upp í listrænni fjölskyldu og byrjaði snemma að teikna. Afi hennar, sem var listmálari, var fyrsti kennarinn hennar og kynnti fyrir henni heim lita og forma, en síðar sótti hún nám í einkalistaskóla í Makedóníu og vann til verðlauna í keppni ungra, hæfileikaríkra listamanna. Auk þess að starfa að málalistinni er Aleksandra menntaður hagfræðingur og starfar sem starfsmannastjóri hjá Bandaríska sendiráðinu.

Sýningin er opin á afgreiðslutíma bókasafnsins mánudaga - fimmtudaga frá 10:00-19:00 og föstudaga frá 10:00-17:00. Sýningunni lýkur 30. janúar.

Fjölbreytt dagskrá í bókasafninu

Dagskrá bókasafnsins hófst eftir áramót á Prjónakaffi og fundi í Bókmenntafélaginu. Þessir hópar hittast fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 19:30.

Sögustundir fyrir yngstu börnin verða áfram fastur liður í starfsemi Bókasafnsins en þær



Á myndinni er listamaðurinn Aleksandra Babik ásamt dóttur sinni Móniku Andonova og eiginmanni Saso Andonov við opnun sýningarinnar í Eiðisskeri.

eru fyrsta miðvikudag í mánuði yfir vetrarmánuðina.

Dagskrá bókasafnsins má nálgast á heimasíðu þess <http://www.seltjarnarnes.is/bokasafn>

Safnanótt á Seltjarnarnesi

Bókasafn Seltjarnarness tekur þátt í Safnanótt sem að þessu sinni er haldin föstudaginn 8. febrúar. Áhersla er lögð á fjölskylduvæna dagskrá, en hæst ber opnun nýrrar sýningar í Eiðisskeri, sem nánar verður kynnt síðar. Seltirningar eru hvattir til að mæta og njóta góðrar samverustundar og taka þátt í fjölbreyttri dagskrá. Ókeypis Safnanæturstrætó gengur reglulega á milli þeirra safna sem þátt taka í Safnanótt og því kjörið að nýta sér þann þægilega fararmáta.

Safnanæturleikur verður í gangi allt kvöldið en hann gengur út á að heimsækja ákveðinn fjölda safna

og fá stimpil til staðfestingar heim-sókninni. Að vanda eru vegleg verðlaun í boði.

Nýr bæjarlistamaður tilnefndur

Laugardaginn 26. janúar verður tilkynnt formlega hver hlýtur tilnefninguna Bæjarlistamaður Seltjarnarness, en áralöng hefð er fyrir nafnbótinni. Fyrsti bæjarlistamaður Seltjarnarness var Gunnar Kvaran sellóleikari sem tilnefndur var árið 1996 en bæjarlistamaður 2012 var Jóhann G. Jóhannsson leikari. Bæjarlistamenn Seltjarnarness hafa verið mikil lyftistöng fyrir menningarlífið í bæjarfélaginu og jafnan lagt sitt af mörkum með margs konar framlagi til menningar og lista fyrir samfélagið á Nesinu. Katrín Pálsdóttir er formaður Menningarnefndar Seltjarnarness og mun hún tilkynna hver hlýtur nafnbótina.

Grunnskóli Seltjarnarness

Innritun fyrir skólaárið 2013-2014

Til foreldra 6 ára barna og nemenda sem flytjast til Seltjarnarness frá öðrum sveitarfélögum



Innritun barna sem fædd eru árið 2007 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2013 fer fram vikuna 21. - 25. janúar.

Sömu daga fer fram innritun skólaskyldra barna og unglinga sem flytjast til Seltjarnarness eða koma úr einkaskólum. Innritun í Grunnskólann fer fram í gegnum vefgátt bæjarins, *Rafrænt Seltjarnarnes*, á slóðinni www.seltjarnarnes.is

Nánari upplýsingar og aðstoð veitir starfsfólk Grunnskóla Seltjarnarness í síma 5959200. Fyrirspurnir er einnig hægt að senda á nefngangið grunnskoli@grunnskoli.is

Skólaskrifstofa Seltjarnarnesbæjar



Jóhann G. heimsótti Való

Jóhann G. Jóhannsson, bæjarlistamaður Seltjarnarness, heimsótti Valhúsaskóla í desember. Hann talaði við 6. bekklinga um starf leikarans og kenndi þeim skemmtilegan leik.

Síðar í mánuðinum heimsótti hann nemendur á unglingsstigi og ræddi við þá. Hann stýrði svo skemmtilegu verkefni sem fólst í því að 9. og 10. bekklingar sömdu dans við vinsælt dægurlag sem hann kenndi síðan 7. og 8. bekklingum. Að lokum stýrði hann dansi fyrir allan hópinn. Þetta var mjög skemmtilegur dagur og ánægjulegt að fá að njóta krafta bæjarlistamannsins.




Viðtal við Jón Hjaltason

Stórkostleg gæfa að hafa ratað á Nesið

Jón Hjaltason hefur sent frá sér nýja bók en það eru þýðingar hans á ljóðabákinum „Locksley Hall“ eftir Alfred Tennyson sem var uppi í Englandi á árunum frá 1809 til 1892. Guðmundur Guðmundsson skólaskáld þýddi ljóðabákin á íslensku á sinni tíð og birti hann í Eimreiðinni árið 1918. Þýðing Guðmundar er á ýmsan hátt barn síns tíma þar sem gerðar voru kröfur um beinni þýðingar og notaði Guðmundur sama bragarhátt en Tennyson sem batt nokkuð hendur hans við þýðinguna. Jón fer aðra leið og er þýðing hans að mestu laus við orðskrá 19. aldar og mun nútímalegri að framsetningu en þýðing Guðmundar. Af þeim sökum er hún mjög aðgengileg venjulegum lesanda á Íslandi í upphafi 21. aldar.

Ljóst er að í nokkuð er ráðist hjá Jóni að þýða þennan ljóðabákk sem af mörgum er talinn einn af meistaraverkum Tennysons en Jón hefur löngum fengist við allt annað en bókmennaverk og þýðingar. En hvað kom til að hann fór á þessa braut. „Mér hafði aldrei komið til hugar að leggjast í þýðingar þótt ég hafi gaman af ljóðum og ljóðagerð,“ segir Jón í spjallið við Nesfréttir. „En ég hafði lesið þetta ljóð Tennysons heillast ég af því. Ég las einnig þýðingu Guðmundar og eftir það fór ég að leiða hugann að því að koma þyrfti þessum texta á nútíma mál. Þetta ásótti mig, eiginlega sogaði mig til sín, og að lokum fór ég að skoða textann með þýðingu yfir á nútíma íslensku fyrir augum. Það fyrsta sem ég gerði var að leggja texta Guðmundar algerlega til hliðar því ég ætlaði ekki að fara með ómeðvituðum hætti í hans spor. Ef maður lendir í öngstræti við verk eins og þetta er svo auðvelt að sækja til annarra hafi maður slíkt við höndina og lausnin verður þá of auðveld. Svo fór ég að fíka við þetta sannfærður um að ég myndi gefast upp. Í fyrstu hugsaði ég mér ekki að þýða allan ljóðabákkinn en eftir því sem ég fékkst meira við þetta óx áreitið og áskorunin innra með mér að ljúka þessu. Ég var með textann í tölvunni og var að grípa í þetta við og við. Þegar ég var búinn stakk ég handritinu ofan í skúffu og



Jón Hjaltason heima í stofu í Bakkavörinni.

Dagarnir hófust oftast á að karlarnir mættu í verkamannskýlið og svo hófst eltingaleikurinn við verkstjórana. Þegar ég var á eyrinni voru fimm verkstjórar hjá Eimskip og oft var undir hælinn lagt hverjir eða hversu margir voru ráðnir þann daginn en það fór eftir skipakomum og hver farmur skipanna var. Jón rifjar fyrstu ár sín í atvinnulífinu heima í stofu.

ætlaði ekkert að gera meira í málinu. En þetta lét mig ekki í friði. Ég fékk frið í tvær vikur fyrir sjálfum mér en þá kom áreitið aftur. Ég tók handritið upp úr skúffunni og fór að glugga í það að nýju og einkum að huga að því hvað mætti gera betur. Ég fór aftur og aftur í gegnum textann og lagaði það sem mér fannst að betur mætti fara. Ég var búinn að vera með hugann við þetta verk í um ár og fann að ég varð að finna leið til þess að skrifa mig frá þessu. Gallinn við að finna slíka leið var sá að ég átti alltaf afturkvæmt í handritið en ef ég kæmi því í bók og gæfi út þá yrði engu breytt að því loknu. Útgáfa bókarinnar var því að vissu leyti mín leið til að öðlast hvíld frá þessu áhugamáli sem stöðugt var að áreita mig.“

Gaf bókina út fyrir sjálfan mig

Jón segist ekki hafa gert mikið að

ljóði sem nefnist „Crossing the Bar“ eða Förin yfir rífið eins og það heitir í þýðingu Jóns. Við grípum niður í fyrsta erindið.

„Sunset and evening star
And one clear for me!
And my there be no moaning
of the bar.
When I put out to sea.“

Í þýðingu Jóns hljómar það svo.

„Kvöldstjarna og kvödd er sunna
Og kall mitt glögg í för!
Frá rifinu myndi ei tregakveinum
kunna
Er kveð ég úr vör.“

Þess ber að geta að í ljóðinu merkir orðið The bar sandrif sem safnast við grunnar strendur en þetta orð hefur ýmsar og óskyldar merkingar á enskri tungu eins og margir raunar þekkjá.

Gefandi að starfa með eyrarköllunum

Jón á aðra lífsögu en þá sem snýr að bókmenntunum. Hann verður ljúflega við þeirri bón tíðindamanns að segja nánar frá henni. „Ég byrjaði að vinna á eyrinni. Ég var kominn með bílpróf sem ég var nokkuð stoltur af og var settur á lyftara hjá Eimskip. Þar kynntist ég mörgum skemmtilegum mönnum. Þarna voru ýmsir sem í dag væru trúlega taldri til kynlegra kvista. Margir gömlu eyrarköllarnir voru greindir og gegnir menn sem gaman og gefandi var að kynna og starfa með. Á þessum tíma var margt með örðum hætti en í dag. Fastráðningar voru óalgengar og fæstir því fastráðnir til starfa. Dagarnir hófust oftast á að karlarnir mættu í verkamannaskýlið og svo hófst eltingaleikurinn við verkstjórana. Þegar ég var á eyrinni voru fimm verkstjórar hjá Eimskip og oft var undir hælinn lagt hverjir eða hversu margir voru ráðnir þann daginn en það fór eftir skipakomum og hver farmur skipanna var. Oft mættu á bilinu 20 til 30 fjölskylduféður í verkamannaskýlið á morgnana í von um að verða ráðnir þann daginn. Stundum fengu flestir eitthvað að gera en á öðrum dögum urðu margir að fara heim án þess að fá neitt. Oft var um helmingurinn

því að yrkja í gegnum tíðin en neitar þó ekki að hafa gripið til þess við og við enda er engan byrjendabrag að finna á þýðingu hans á ljóðabáki Tennyson. „Ég hef helst gert það á gamansömum nótum. Svona meira í glensi og spaugi. Skrifað limur um það sem mér hefur fundist gaman að. Fyrir mér var þýðing á þessu ljóði fyrst og fremst áskorun. Að fara 150 ár aftur í tímann og snúa enskum gullaldartexta yfir á nútíma íslensku. Þar liggur hundurinn grafinn. Þessi bratta brekka sem ómögulegt var að sjá hvort manni tækist að lokum að klífa var fyrir framan mig. Ég gaf bókina fyrst og fremst út fyrir sjálfan mig og nokkra kunningja mína. Hún hefur ekki farið í almenna sölu en Bókasafnið á Sel-tjarnarnesi hefur nokkur eintök og fólk getur komið og litid í hana þar.“ En Jón hefur ekki alveg numið staðar með útgáfu bókar sinnar. Hann er enn að glugga í kveðskap Tennyson og hefur nýlega lokið við þýðingu á

ráðinn. En þeir urðu að mæta aftur í skýlið næsta morgun því aldrei var að vita hversu marga verkstjórnarnir þyrftu til vinnu þann daginn. Ef mikið var að gera kom fyrir að auglýst var eftir verkamönnum í hádegis-útvarpinu og mætti þá fleiri eftir að hafa heyrt auglýsinguna.“ Jón segir að starfsaðstæður hefðu heldur ekki fallið vel að nútíma hugsun. „Menn voru ekkert að skýla sér. Ég man eftir að hafa starfað í heilan dag við uppskipun á sementi og þegar ég kom heim um kvöldið gat ég dregið sinn sementsstaukinn úr hvorri nös. Ekkert var verið að hugsa um öryggi eða heilsu verkamannanna. Það var ekkert inn í myndinni á þessum tíma. En ég náði að kynna þessum heimi og mörgum góðum mönum sem störfuðu alla sína tíð á eyrinni.“

Fólk vildi ekki skötusel og tindabikkju

„Svo hætti ég á eyrinni og hélt um tíma til sjós. En eftir sjómennskuna tóku verslunarstörf og veitingamennskan við. Einhvern veginn hefur fylgt mér að finna mér störf sem kalla eftir 365 vinnudögum á ári. Ef til vill réðu tilviljanir einhverju um en þegar ég lít til baka yfir farin veg sé ég að ég er með vonlausan starfsferil að baki ef horft er til hefðbundins fjölskyldulífs. Veitingareksturinn byrjaði þannig að Haukur bróðir minn hafði lært til þeirra starfa og fékk mig með sér til þess að stofna veitingastað í miðborg Reykjavíkur. Þetta hentaði okkur ágætlega. Ég var farin að fást við verslunarstörf en Haukur var fagmaðurinn á veitingasviðinu og var því meira með hausinn ofan í pottunum en ég. Þessi ný veitingastaður hét Sælkerinn og var til húsa við Hafnarstræti. Þeir sem komnir eru um og yfir miðjan aldur muna eftir honum en þetta var á þeim árum sem veitingamennskan var að breytast og ég held að við höfum átt þátt í að brjóta nokkurt blað í þeirri þróun. Við byrjuðum með algerlega nýjan matsæðil og mun fjölbreyttari en áður hafði tíðkast. Á þessum tíma voru fáir veitingastaðir fyrir utan Grillið á Sögu og Hótel Borg, sem voru svona finni staðir. Svo voru Hressó í Austurstrætinu og Matstofa Austurbæjar, sem var inn undir Hlemmi. Brauðbær kom við Óðinstorgið og Askur opnaði inn á Suðurlandsbraut en þessir tveir síðastnefndu staðir voru hluti að byltingunni eins og við.“ Jón segir að fram til þessa tíma hafi fólk ekki farið oft út að borða. „Það vantaði kúltúrinn í þetta. Engin hefð að fara út að borða. Það var heldur ekkert í boði sem fólk hafði áhuga á nema þá á þessum fáu finu og dýru stöðum. Við byrjuðum með nautasteikur og kjúklinga og allskonar nýja



Við ákváðum strax að vera aðeins með upprunalegan gróður og mosavaxið grjót. Hann er viðkvæmur en við lofum honum bara að vaxa. Hann lifir vel í leirnum og er einnig í skjóli af Valhúshæðinni. Lóðin er algerlega sjálfbær. Jón í garðinum hjá sér heima á Seltjarnarnesi.

rétti sem féllu strax í góðan jarðveg. Stundum þurftum við að breyta nöfnum til þess að glæða áhuga fólksins því Íslendingar eru þvermóðskufullir og sumt vildu þeir ekki leggja sér til munns því enginn hafði haft álit á því. Til dæmis þýddi ekki að bjóða skötusel eða tindabikkju undir réttum nöfnum. Ekki fyrr en fólk hafði vanist á að borða það.“

Var alltaf í vinnunni

Við rákum Sælkerann þó ekki nema í tvö ár vegna þess að við misstum húsnæðið þar sem við vorum í Hafnarstrætinu og ákváðum að endurvekja þessa starfsemi ekki á nýjum stað. Ég opnaði þó annan Sælker um tíma í Austurstrætinu á bak við Nýja bíó en hann var með öðru sniði en sá gamli og byggðist einkum á ítalskri matarmenningu. Og svo hófst rekstur Keiluhallarinnar sem ég rak í tvo áratugi.“ Jón segir að sama sé til hvers er litíð. Alltaf hafi sólarhringsvaktin blasað við sér. „Hvort sem það voru veitingastaðirnir eða Keiluhöllin. Alla daga var opið og fram á kvöld. Það var ekki fyrr en ég seldi Keiluhöllina og fór að líta til baka að ég áttaði mig á að ég hefði stundum vanrækt fjölskylduna. Ég var eins og bóndinn og sjómaðurinn. Stóð vaktina. Ég var alltaf í vinnunni.“

Stórkostleg gæfa að hafa ratað á Nesið

En hvað kom til að Jón gerðist Seltirningur. „Ég hef alltaf verið skammt undan. Ég er Vesturbæingur. Fæddur og uppalinn á Bræðraborgarstígnum og vissi því alltaf af Seltjarnarnesi. Ég var að þvælast við sjóinn sem stráklíngur. Seldi Grásleppu fyrir Pétur Hoffmann og

sem við byggðum húsið. Létum allt vera á meðan nágrennan mínir óku bílförnum í burtu og annarri og gróðurvænni mold í staðinn. Við ákváðum strax að vera aðeins með upprunalegan gróður og mosavaxið grjót. Hann er viðkvæmur en við lofum honum bara að vaxa. Hann lifir vel í leirnum og er einnig í skjóli af Valhúshæðinni. Lóðin er algerlega sjálfbær. Ég hef aldrei eignast garðsláttuvél. Ég lét malbika þann hluta lóðarinnar sem er í skugga sem er aðeins gert af praktískum ástæðum. Það var hlegið að mér fyrir þessa sérvisku en þrátt fyrir að Seltjarnarnes sé þekkt fyrir norðanátt, vinda og saltburð þá hefur þetta heppnast vel hjá okkur.“

þarf að huga að golfinu

„Ég hef ekkert annað en jákvætt að segja um Seltjarnarnesið. Ég var í baráttunni um Hrólfsskálamelinn á sínum tíma og hvar ætti að leggja íþróttavöllinn. Ég held líka að við höfum náð góðri lendingu. Vallarsvæðið er gott og þetta umhverfi samsvarar sér vel. Ég hygg að ef völlurinn hefðu verið byggðir uppi á melnum þá hefði hann orðið niðurstæðingur því landrýmið þar er ekki nægjanlegt. Þetta er samfella. Það var kosið um þetta með lýðræðislegum hætti. Lýðræðið hafði sigur og lausnin fannst. Annars hefði íþróttahreyfingin trúlega setið uppi með súra eplið og svarta péturinn. Ég er mikill golfáhugamaður og spila golf. Við þurfum líka að huga að golfvællinum og hvaða aðstæður eru þar fyrir hendi. Ég held að mannlífið þar og fuglalífið eigi vel saman. Mannferðirnar verja fuglana til dæmis fyrir minknum Sumum finnst að fúamýrarnar séu til gangs sem er auðvitað matsatriði.“

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS



Alúð - virðing - traust

Áratuga reynsla

Suðurhlíð 35, Rvk • www.utfarin.is
Vakt sími: 581 3300 & 896 8242

Allan sólarhringinn
Komum heim til
aðstandenda ef óskað er

Sverrir Einarsson **Kristín Ingólfssdóttir**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmöla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is
Vakt sími: 565 5892 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er



Nemendur láta gott af sér leiða

Eftir að jólaprófum lauk í Valhúsaskóla var skólastarf brotið upp á ýmsan hátt. Hver árgangur vann með umsjónarkennara sínum að mismunandi verkefnum.

Sjöundi bekkur bjó til vinalegar kveðjur sem síðan voru hengdar á hurðarhúna heppinna bæjarbúa, 8. bekkingar æfðu ýmis lög sem þeir fluttu m.a. fyrir sjúklinga á Landa-

koti og starfsmenn bæjarskrifstofunnar, 9. bekkingar unnu þema-verkefni um kostnað jólahaldsins og 10. bekkingar héldu dansball fyrir heldri borgara í íþróttahúsinu og söfnuðu fötum heima hjá sér sem þeir gáfu Fjölskylduhjálpinni, Samhjálp og Mæðrastreksnefnd. Um leið kynntu þeir sér starfsemi þessara stofnana.



Á aðventukvöldinu sungu þrjár kórar Nesbúa í Seltjarnarneskirkju, bæði í sitt hvoru lagi og saman. Hér má sjá Litlu snillingana úr Mýró, Meistarana Jakobs úr Való og Gömlu meistarann sem er kór heldri borgara Nessins. Stjórnandi var Inga Stefánsdóttir, tónlistarkennari.

Heimsóknir í kirkjuna aldrei fleiri en í jólamánuðinum

Vel á þriðja þúsund manns komu í Seltjarnarneskirkju í jólamánuðinum bæði til að sækja guðsþjónustur, félagsstarf og menningarviðburði, segir séra Bjarni Þór Bjarnason sóknarprestur. Til samanburðar má geta þess að íbúar Nessins eru um 5000.

Á fyrsta sunnudegi í Aðventu komu 450 manns á aðventukvöld kirkjunnar, sem markar upphaf jólamánaðarinnar. Mikill fjöldi tók þátt í helgihaldi yfir jól og áramót í Seltjarnarneskirkju. Mætti þar nefna að á aðfangadag komu um 550 manns í tvær athafnir kl. 18 og 23.30. Á gamlárskvöld komu um 200 manns er kirkjan var opin frá kl. 20.30. Fólk sem fór á brennuna eða kom af henni staldraði við í kirkjunni, hlýjaði sér og fékk heitt súkkulaði og smákökur í boði kirkjunnar. Þreyttir þátttakendur þáðu veitingarnar með þökkum. Í ár komu 110 skokkarar í kirkjuna og hafa aldrei verið fleiri.

Á fimmta tug eldri borgara mætti á samkomu 4. desember sem tókst mjög vel.

Sá skemmtilegi siður hefur skapast á öðrum degi jóla að skokkarar Nessins hlaupa árlega svokallað Kirkjuhlaup milli kirkna í vesturhluta Reykjavíkur. Hlaupið hófst með stuttri helgistund í kirkjunni og lauk með því að koma aftur í Seltjarnarneskirkju og þiggja heitt súkkulaði og smákökur í boði kirkjunnar. Þreyttir þátttakendur þáðu veitingarnar með þökkum. Í ár komu 110 skokkarar í kirkjuna og hafa aldrei verið fleiri.

Mikill fjöldi fólks til viðbótar sótti ýmsa menningarviðburði eins og t.d. tónleika Selkórsins og óformlega og árlega kvöldtónleika Friðriks Vignis Stefánssonar, tónlistarstjóra Seltjarnarneskirkju á Þorláksmessukvöldi. Friðrik leikur þá fallega jólatóna á kirkjuorgelið við kertaljós en stemningin framkallar hugljúfa jólastemningu meðal áheyrenda í kirkjunni.

UMHVERFISHORNID

Búðatjörn

Í desember sl. kom út skýrslan Frumrannsókn á lífríki Búðatjarnar á Seltjarnarnesi. Skýrslan er unnin af Haraldi R. Ingvasyni, Finni Ingimarssyni og Stefáni Má Stefánssyni hjá Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Niðurstaða skýrslunnar er í stórum dráttum sú að Búðatjörn er í flestu ólík þeim tjörnum sem kannaðar hafa verið í nágrenninu. Þar munar mestu að tjörnin er ísölt. Seltuáhrifin eru m.a. greinileg í því að í tjörninni finnast marflær og á suðvesturbakka hennar vex sjávarfritjungur, grasvegund sem heldur sig á mörkum lands og sjávar.

Lífríki tjarnarinnar er frekar fábrotið hvað snýr að fjölda tegunda og í hana vantar alveg suma af þeim dýrahópum sem alla jafna eru mest áberandi í tjörnum, þar á meðal vatnaflær, en þær finnast yfirleitt í miklum fjölda. Í stað þeirra var mikil fjöldi af ógreindri árfælutegund, sérstaklega í júní. Þá var líka töluvert af þyrildýrategund í tjörninni, sem rannsóknarmenn könnuðust ekki við hér á landi. Erlendis lifir hún í ísöllum tjörnum og lónum.

Botndýrafánan var aðallega sett saman úr sundánum rykmýslirfum nema í grynsta hluta tjarnarinnar en þar fannst gríðarlegt magn af þráðormum.

Niðurstaðan er samt sú að botndýralíf tjarnarinnar er verulega rýrara en t.d. í Bakkatjörn eða Reykjavíkurtjörn.

Nær engan gróður er að finna í tjörninni. Má vera að það stafi af því hve vatnsstaða tjarnarinnar er breytileg.

Fuglalíf við tjörnina er aðallega tengt kríuvarpi, en nokkur pörurpu í hólmanum og a.m.k. eitt á tjarnarbakkanum. Endur sóttu í tjörnina í fæðuleit og voru að plægja í botnleðjunni, trúlega eftir mýflugulirfum.

Með þessari rannsókn hefur umhverfisnefnd Seltjarnarness staðið fyrir athugun á öllum tjörnum á Seltjarnarnesi: Bakkatjörn 2009, Daltjörn 2011 og Búðatjörn 2012.

Hægt er að finna skýrslur um lífríki í tjörnum innan marka sveitarfélagsins á vef bæjarins, seltjarnarnes.is.

F.h. umhverfisnefndar
Margrét Pálsdóttir, formaður

Vantar stóla og borð á neðri hæð Seltjarnarneskirkju

Á neðri hæð Seltjarnarneskirkju er hinn svokallaði Norðursalur. Nú vantar bæði borð og stóla í þann sal. Við biðlum til bæjarbúa og spyrjum hvort að þeir eigi einhver borð og/eða stóla sem þeir eigi í geymslum og vilji gjarnan losna

við. Við þiggjum slíkar gjafir með miklu þakklæti. Við biðjum bæjarbúa að hafa samband við okkur og láta vita ef um slíkt væri að ræða.

Sóknarnefnd og starfsfólk
Seltjarnarneskirkju.

Mikill kraftur og áhugi í starfi kraftlyftingadeildar Gróttu

Kraftlyftingadeild Gróttu er ekki gömul, stofnuð 28. nóvember 2011 af áhugasömum Seltirningum sem höfðu áður keppt undir merkjum annars íþróttafélags en vildu keppa undir merkjum Gróttu. Bikarmót Kraftlyftingasambands Íslands fór fram í Ármannsheimilinu laugardaginn 24. nóvember sl. og þar tryggði Gróttu sér fyrsta Ísland-meistaratitil í meistaraflokki með því að sigra í liðakeppni félagsliða fyrir árið 2012. Gróttu sigraði í þremur af fjórum mótum ársins og var í forustu frá byrjun. Starfið byrjar því sannarlega af miklum krafti.

Ingimundur Björgvinsson einkapjálfi er yfirpjálfi deildarinnar. Hann segir að flestir af þeim sem hafi farið að æfa kraftlyftingar með Gróttu hafi komið úr einkapjálfun hjá honum eða hann pikkað út efnilega einstaklinga í World Class og hvat þá til að ganga í Gróttu og keppa í kraftlyftingum. Eftir að kraftlyftingar fengu viðurkenningu Íþróttasambands Íslands sem eitt af sérsamböndum ÍSÍ hefur þátttakendafjöldi í kraftlyftingum farið ört vaxandi.

Ingimundur segir að þær hremmingar sem kraftlyftingamenn gengu í gegnum á vissu árabili séu nú að baki og þessi stimpill um lyfjamisnóttun og að þátttakendur hafi þurft að vera heljarmenni í vextinum til að ná árangri í kraftlyftingum tilheyrir fortíðini. Með tilkomu klassískra kraftlyftinga muni þátttakendafjöldi aukast ennþá meira enda mikið af fólki sem æfir þessar þrjár keppnisgreinar en hefur hingað til sett það fyrir sig að þurfa að keppa í sérútbúnaði.

- Skiptast þeir sem stunda kraftþjálfun í tvo hópa eða jafnvel fleiri, annars vegar þeir sem eru að æfa til að ná árangri og keppa í íþróttinni og hins vegar þeir sem eru að æfa sér til ánægju og heilsubótar?

„Kraftþjálfun eru mjög góð líkamsrækt og það eru margir sem byrja á henni til að komast í gott alhliða form og hvort sem er til að léttast eða styrkjast. Það eru síðan margir sem upplifa annað hvort það góðan árangur eða kynnast því frábæra fólki sem tilheyrir kraftlyftingadeild Gróttu sem verður þess valdandi að það fólk fer að æfa með keppni í huga. Ef fólk er með heilbriggt stoðkerfi og hefur áhuga að stunda krefjandi æfingar þá er þetta mjög skemmtileg og gefandi þjálfunaraðferð. Lykilatriði við kraftlyftingar er að æfingarnar séu framkvæmdar rétt og með réttu æfingarálagi, og við æfum aldrei nálægt hámarks styrk



Ingimundur Björgvinsson einkapjálfi og pjálfi hjá kraftlyftingadeild Gróttu.

í keppnigreininum, það á sér bara stað í keppnisuppkeyrslu og á mótum sem er lykिलinn til að endast vel og fá jafnar og góðar framfarir í þinni þjálfun.”

- Eru einhverjir sem æfa kraftlyftingar að taka þátt í öðrum íþróttgreinum?

„Það er sáralítið um það, enda þarftu að æfa allan ársins hring ef umtalsverður árangur á að nást í keppni. Margar af keppendum hafa grunn í gegnum fimleika eða frjálssar íþróttir og hentar það mjög vel sem grunnur fyrir kraftlyftingar enda eru það mjög góðar alhliða æfingar fyrir líkamann, en einnig hafa nokkrir grunn í gegnum aðrar íþróttgreinar eins og körfubolta og handbolta sem hafa komið inn eftir að hafa stundað kraftþjálfun sem aukæfingar fyrir sína íþróttgrein.”

- Hver er framtíð Gróttu og kraftlyftinga á Íslandi?

„Gróttu er í dag komin með nokkra mjög öflugra keppendur sem eiga eftir að láta ljóst sitt skína á þessu ári á alþjóðamótum. Ber þar helst að nefna nýkrýndan íþróttamann Gróttu, Aron Lee Du Teitsson sem hefur sett stefnuna á HM í klassískum kraftlyftingum í sumar og þær Arnhildur Anna Árnadóttir, Elín Melgar Aðalheiðardóttir og Fanney Hauksdóttir sem hafa verið valdar í landsliðshóp Íslands fyrir Norðurlandamót unglinga í kraftlyftingum. Og þar fyrir utan erum við mjög stolt að því að nýkrýndur bikar- og Íslandsmeistari í samanlagðri keppni kvenna, Hildur Sesselja Aðalsteinsdóttir, sem varð í 2. sæti í vali Íþróttmanns Gróttu, er á góðri leið með að verða samkeppnishæf á alþjóðlegum mælikvarða.”

sem kynningargrein og segist hann vona að íslenskir þátttakendur, og þá helst frá Gróttu, verði þá á meðal keppenda. Ingimundur segir þátttöku í kraftlyftingum mjög vaxandi víða um land. Auðvelt sé að skrá sig í Gróttu og stefna á keppni, en Gróttu hafi þó þá sérstöðu að liðlega 70% þátttakenda eru konur, þær hafi séð að þetta sé bæði skemmtileg íþrótt og auðvelt að stunda hana, allir sníði sér stakk eftir vexti, æft bæði eftir getu og þyngdarflokki, engum sé ofgert. Félagatalan er nú komin í yfir 100 manns, og telur Ingimundur líklegt að iðkendafjöldi haldi áfram að fara vaxandi.

„Það er áhugamál allra þeirra sem taka þátt í kraftlyftingum hér hjá okkur í Gróttu að stuðla að heilbrigðu útliti. Konur verða ekki afmyndaðar af vöðvum að því að stunda kraftþjálfun enda er það ekki tilgangurinn með þeirri þjálfun, hvorki hjá konum né körlum, heldur að efla líkamstyrk og hreysti,” segir Ingimundur Björgvinsson.

Um 70% þátttakenda eru konur

Ingimundur segir að Alþjóðakraftlyftingasambandið sé í viðræðum við Alþjóða Olympíusambandið um að kraftlyftingar verði keppnisíþrótt á Olympíuleikunum árið 2016 eða 2020

VILTU SELJA? FRÍTT VERÐMAT

- Frítt verðmat án skilyrða um sölu
- Þú greiðir ekkert ef eignin selst ekki
- Hafðu samband - við höfum tíma fyrir þig



Guðbjörg Gylfadóttir
lögiltur fasteignasali



Ísak V. Jóhannsson
sölustjóri

HAFIÐ SAMBAND Í GSM 822 5588 EÐA ISAK@TINGHOLT.IS

FASTEIGNASALA Í
35 ÁR

TINGHOLT
FASTEIGNASALA



Gjöf til styrktarsjóðs Seltjarnarneskirkju

Á myndinni sjást Júlíana Björk Garðarsdóttir og Hanna Dóra Jóhannesdóttir frá Íslandsbanka á Eiðistorgi afhenda Sr. Bjarna kortin.

Sr. Bjarni sóknarprestur við Seltjarnarneskirkju tók nýlega við 10 gjafakortum fyrir hönd hjálpar-sjóðs kirkjunnar frá Starfsmannafélagi Íslandsbanka á Eiðistorgi að upphæð 10 þúsund krónur hvert.

Þetta er í þriðja skiptið sem starfsmannafélagið styrkir hjálpar-sjóðinn. Hver starfsmaður leggur

mánaðarlega 1000 krónur í sjóðinn og þetta safnast saman yfir árið og er upphæðin gefin í styrktarsjóðinn ár hvert, 100 þúsund krónur. Hjálpar-sjóður Seltjarnarneskirkju ráðstafar svo kortunum í samráði við Félagsþjónustu Seltjarnarness á góða staði.

Veðrið og Kjarval „Óvissuferð“

Fimmtudaginn 31. janúar n.k. ætla eldri borgarar á Seltjarnarnesi að heimsækja Veðurstofu Íslands. Farið verður frá Skólbraut kl. 13.15 með viðkomu í Eiðismýri 30. Í heimleiðinni komum við við á Kjarvalsstöðum og skoðum Kjarvalsýningu og drekkum kaffi á veitingastaðnum þar. Skráningarblað liggur frammi á Skólbraut og í Eiðismýri og einnig má skrá sig í síma 893 9800 eða 595 9147. Verð kr. 1.500.-

Það er óhætt að segja að desember-mánuður hafi verið þéttsetinn í félagslífi eldri íbúa Seltjarnarness. Handavinnukonur handunnu allt jólasbraut á jólatréð á Skólbrautinni. Gömlu meistaramir sungu með litlu snillingunum á adventukvöldi kirkjunnar við góðar undirtektir í troðfullri kirkju. Vel heppnað adventukvöld með góðum gestum, skemmtiatriðum og Veislumat, jólabasar þar sem selt var bæði handverk og aðrir munir, jólabingó, höfundar bóka komu og lásu upp upp, Selkórinn bauð á frábæra jólatónleika í Félagsheimilinu, Valhúsaskóli bauð upp á dansball, og Tónlistarskólinn heimsótti félagsaðstöðuna á Skóla-

braut og lék jólalög og kom fólk í virkilegt hátíðarkap.

Dagskrá félags og tómstundstarfsins hefur verið gefin út fyrir vorönn 2013 og er í gildi fram í júní. Eins og undanfarin misseri verðum við áfram í góðu samstarfi við unglíngana á Nesinu og tónlistarfólkið, kirkjuna og bókasafnið. Fastir dagskrárliðir halda fyrra formi en einnig setjum við inn nýja liði eins og bíó-daga og styttri námskeið sem þið eruð hvött til að kynna ykkur. Dagsetningar á óvissuferð, leikhúsfærð, vorfagnaði, handavinnusýningu og sumarferð liggur fyrir og er getið í dagskránni. Skráning stendur yfir á gler, leir, listasmiðju og glerbræðslu námskeiðin. Í febrúar verður haldið námskeið sem kallast „Nýju fötin keisarans“ en þar notum við tóma kaffipoka og snakkpoka og endurvinnum úr þeim skemmtilega hluti. Enn er verið að reyna að fá leiðbeinanda í bókband og um leið og hann býðst förum við af stað með námskeið, þar sem nægur áhugi virðist vera fyrir því. Skráning hjá leiðbeinendum og hjá Kristínu í síma 8939800.

Njótum félagskapar hvers annars og sjáumst hress á nýju ári.

Margskonar námskeið í boði hjá Hreyfilandi

Hreyfiland er fjölskylduvæn líkamsræktarstöð á Seltjarnarnesi og sem var stofnuð árinu 2003. Starfsemin hætti á árinu 2008 en hefur nú farið aftur af stað á Eiðistorgi 17 er nú boðið upp á fjölbreytta tíma fyrir alla aldrshópa enda er eitt helsta markmið Hreyfilands að koma til móts við þarfir sem flestra.

Frankvæmdastjóri Hreyfilands er Krisztina G. Agueda sem einnig er formaður íslenska Fitness félagsins sem sér um Fit kid á Íslandi. Krisztina er háskólamenntaður íþróttþjálfari með framahaldsmenntun í hreyfiproska ungbarna og örvun þeirra á fyrstu stigum ævinnar. Hún hefur 23 ára reynslu af íþróttakennslu af ýmsu toga hjá ólíkum aldursflokkum. Krisztina kennir flesta þá tíma sem Hreyfiland býður upp á og hveðst leggja metnað í alla þjálfun sem þar fer fram.

Krisztina kennir svokallaða mæðrafimi þrisvar sinnum í viku þar sem mæður æfa á meðan börnin eru í gæsli í öruggu, litríku og örvandi umhverfi inni í salnum. Í lok tímans fá börnin að vera með í fjörinu og taka þátt í æfingunum. Það eykur enn á sérstöðu mæðrafimi að Krisztina kennir stöðugt nýjar æfingar. Boðið verður upp á mæðrafimi á Eiðistorgi á mánudags-, miðvikudags- og föstudagsmorgnum.

Snillingafimi er ætluð þriggja til 12 mánaða gömlum börnum og geta foreldrahópar með börn á áþekktum aldri bókað einkatíma hjá Krisztínu. Í slíkum tímum fer fram fræðsla um hreyfiproska ungra barna og sýndar eru einfaldar æfingar sem örva hreyfi- og málþroska barna.

Hreyfifimi eru tímar fyrir börn á aldrinum eins árs til þriggja ára. Kennir er tvisvar sinnum í viku á Eiðistorgi en einnig verða boðnir tímar á laugardögum í Ásgarði í Garðabæ, í samstarfi við fíleika-deild Stjórnunnar.

Í Gþ-fimi eða grunnþjálfunarfimi fyrir börn á aldrinum þriggja til sex ára er lögð áhersla á iljar, bak og hryggsgúlu, bætt jafnvægisskyn og samhæfingu hreyfinga og kennt er tvisvar sinnum í viku á Eiðistorgi, klukkutíma í senn.

Í samstarfi við Íslenska Fitness Félagið mun Hreyfiland bjóða FitKid tíma fyrir börn á aldrinum sex til 15 ára. FitKid er byltingakennd alhliða þjálfun þar sem styrkur, hraði, sveigjanleiki, jafnvægi, frelsi og sjálfsárgi eru í fyrirrúmi og brúar billið á milli margra ólíkra íþróttageina.

Hreyfiland nýtur nú þeirrar heppin að hafa fegnið þjálfarann Master Cesar Rodriguez Luna sem er SooBahkDo þjálfari til liðs við stöðina en hann er Evrópu- og heimsmeistari í þessi íþrótt. Við bjóðum því upp á hágæða SooBahkDo karate kennslu fyrir börn og unglíng, stúlkur jafnt sem drengi.

Zumba hefur farið sigurför um heiminn á undanförmum árum enda frábær alhliða skemmtun og hreyfing. Hreyfiland býður nú upp á zumbatíma tvisvar sinnum í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum, úti á Eiðistorgi.

Í tilefni þess að Hreyfiland er 10 ára í ár verður veittur 10% afsláttur af námskeiðum á vorönn.

Unnt er að nálgast allar nánari upplýsingar á heimasíðunni www.hreyfiland.is og hjá Krisztínu í síma 868 0863.

Hörð smákökusamkeppni í Való

Elma Dís Davíðsdóttir í 10. bekk vann smákökusamkeppnina í Való að þessu sinni en öðru sætinu deildu þær Ása Dröfn Óladóttir og Sofía Elsie Guðmundsdóttir í 8. bekk.

Nemendur á unglíngastigi, sem hafa valið bakstur sem valgrein, keppa árlega í smákökubakstri í desember. Þeir koma með uppskrift af uppáhaldssmákökunum sínum að heiman og baka þær í skólanum. Dómarar komu úr hópi skólastjórna og kennara. Í ár var keppnin mjög hörð og erfitt að gera upp á milli tegunda, en að lokum urðu þeir sam-



mála um að bestu kökurnar væru þær sem Elma Dís Davíðsdóttir í 10. bekk bakaði.

Mikið að gera hjá trimmum

Á liðnu ári hafa meðlimir Trimmklúbbs Seltjarnarness lagt ófáa kílómetrana að baki, bæði við æfingar og í keppnishlaupum. TKSarar eru duglegir að mæta á æfingar og taka þátt í almenningshlaupum, utanvegahlaupum, skíðagöngum og maraþonhlaupum. Á liðnu ári fóru margir úr hópnunum erlendis til þess að taka þátt í hinum ýmsu viðburðum. Hér verður fjallað stuttlega um árangur TKSara í langhlaupum á liðnu ári.

Í mars tóku þjálfari TKS Steinunn H. Hannesdóttir og Hugrún Hannesdóttir þátt í Vasagöngunni í Svíþjóð. Gangan sem er 90 km er lengsta og elsta skíðagöngukeppni í heimi! Hátt í 15.000 göngugarpar taka þátt í keppninni ár hvert og þar á meðal voru 24 Íslendingar í þetta sinn. Steinunn kláraði gönguna á 9:00:31 klst. og Hugrún kom í mark á tímanum 9:34:56 klst.

Í apríl tóku 13 hlauparar úr TKS þátt í heilu- og hálfu maraþoni í Vínarborg. Elísabet Sólbergsdóttir gerði sér lítið fyrir og lenti í 3. sæti í sínum aldursflokki í heilu maraþoni á tímanum 3:32:46 klst. Aðrir hlauparar úr TKS hlupu hálf maraþon og voru úrslitin eftirfarandi:

Þóra Björk Hjartardóttir 1:48:02 klst
Guðrún Geirsdóttir 1:53:31 klst
Guðjón Norðfjörð 2:01:13 klst
Margrét Jónsdóttir 2:04:26 klst
Jóhanna Einarsdóttir 2:16:34 klst
Ingibjörg Friðbertsdóttir 2:16:08 klst
Sigrún Richter 2:23:50 klst
Guðrún Gunnarsdóttir 2:23:51 klst
Brynhildur Ásgeirsdóttir 2:26:41 klst
Arna Hansen 2:26:43 klst
Inga Sólnes 2:26:43 klst
Guðrún Kvaran 2:43:28 klst

Þrjú hlauparar tóku þátt í Lundúnarmaraþoninu í apríl og voru úrslit þar eftirfarandi:

Vigdís Hallgrímsdóttir 3:35:21 klst
Sigrún Hallgrímsdóttir 3:44:39 klst
Rúna Hauksdóttir 4:17:00 klst.

Í október tók Sigrún Hallgrímsdóttir þátt í sínu öðru maraþoni á árinu. Það fór fram í Amsterdam og



Trimmarar af Seltjarnarnesi hlupu víða á liðnu ári.



Félagar úr TKS í Vínarborg síðastliðið vor.

bætti fyrri tíma sinn um fjórar mínútur. Hún kom í mark á tímanum 3:38:31 klst. Í sama mánuði hljóp Ólafur Darri Andrason maraþon í Frankfurt og skilaði sér í mark á

glæsilegum tíma 2:58:30 klst.

Í Laugavegshlaupinu komu 289 þátttakendur í mark. Tveir hlauparar úr TKS hlupu vegalengdina, alls 55 km. Hér eru úrslit þeirra.

Már Björgvinsson 6:39:29 klst
Steinunn Sigurbórsdóttir 7:28:10 klst

Fjórir hlauparar úr TKS flugu til New York í byrjun nóv. til að taka þátt í maraþoni borgarinnar en hlaupið var því miður fellt niður vegna afleiðinga fellibyls sem þar gekk yfir skömmu áður.

Að sjálfsögðu fjölmenntu TKSarar í Reykjavíkumaraþonið og tóku þátt í mismunandi vegalengdum allt eftir markmiðum hvers og eins. Í lok dags fagnaði hópurinn árangri sínum í þessu fjölmennasta hlaupi ársins sem telst nokkurs konar uppskeruhátíð hlaupara.

Hér á undan er stiklað á stóru og getið árangurs hlaupara í helstu viðburðum yfir árið. Að baki þeim eru markvissar æfingar í góðum hópi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni í þjálfun, heilbrigðan lífsstíl og útiveru. Það er ávallt tekið vel á móti nýliðum, jafnt byrjendum sem reynslumeiri hlaupurum.

Trimmklubbur Seltjarnarness var stofnaður í maí 1985 og er enn í fullu fjöri. Hópurinn hleypur þrisvar í viku frá sundlaug Seltjarnarness. Á mánudögum og miðvikudögum klukkan 17:30 og á laugardögum klukkan 08:15 á veturna og 09:30 á sumrin. Á mánudögum og miðvikudögum er þjálfari með hópnun. Allir eru velkomir á æfingar hópsins og allar nánari upplýsingar um TKS má finna á heimasíðu hópsins, www.tks.is

BÍLARÉTTINGAR OG SPRAUTUN CABAS TJÓNAMATSKERFI.

Bílanes er viðurkennt af öllum tryggingafélögum Veitum vandaða þjónustu og notum hágæða efni Réttingaverkstæði, bílasprautun og húsgagnalökkun Kíktu við hjá okkur og fáðu tilboð í verkið

Bílanes, Bygggördum 8. Seltjarnarnesi
S:561 1190. www.bilanes.is
bilanes@internet.is

BÍLANES
VIÐGERÐIR RÉTTINGAR SPRAUTUN

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími:

511 1188

borgarblod@simnet.is



Stúlknalið Gróttu.

Stúlknalið Gróttu í keppni í hóp fimleikum

Gróttu sendi eitt stúlknalið til keppni í 2. flokki á haustmót í hóp fimleikum sem Fimleikasamband Ísland hélt föstudaginn 23. nóvember.

Stelpurnar eru búnar að æfa saman síðan í ágúst og fengu nýjan dans núna í haust sem þær frumsýndu á mótinu. Óhætt er að segja að árangurinn hafi verið góður,

en þær náðu þriðja sætinu á eftir Gerplu og Selfossi sem er glæsilegur árangur hjá þessum stúlkum.

Í liðinu eru: Anna Sóley, Auður, Álf sól Lind, Ásdís Lóa, Emelíana, Glóey Þóra, Hera Magdalena, Karen Hilma, Katla, Katrín Viktoría, Matthildur, Mist, Selma Björk, Þóra Lucrezia og Þórdís. Þjálfari er Harpa Hlíf Bárðardóttir.

Flott tilþríf hjá 7. flokki drengja

Helgina 16. – 18. nóvember lék 7. flokkur drengja í handknattleik á sínu fyrsta móti í vetur. Mótíð var haldið af ÍR-ingum og fór fram í Íþróttamiðstöðinni við Austurberg. Gróttu tefldi fram 6 liðum á mótinu enda mikill fjöldi leikmanna sem æfir.

Mótíð var hin mesta skemmtun. Leikgleðin og ánægjan skein úr hverju andliti og ekki skemmdi fyrir að strákarnir stóðu sig vel. Mörg glæsitalþríf sáust og greinilegt að leik-

menn tóku framfarir með hverjum leiknum. Hluti leikmanna var að leika á sínu fyrsta móti og því einhverjir að skora sín fyrstu mörg. Það var því ekki að undra þau miklu fagnaðarlæti sem brutust út við sum mörkin. Strax á seinustu leikur klárðust fóru leikmenn að huga að næsta móti sem fer fram 1. - 3. febrúar næstkomandi. Það er hið árlega Ákamóti sem haldið er af HK-ingum í Digranesinu.

Í lok mótsins fengu allir verðlaunapening fyrir flotta frammistöðu.

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Aron og Eva Björk íþróttamenn Gróttu 2012



Eva Björk Davíðsdóttir og Aron Lee Du Teitsson.

Aron Lee Du Teitsson var í lok síðasta árs kjörinn íþróttamaður Gróttu 2012 og Eva Björk Davíðsdóttir var kjörin íþróttamaður æskunnar. Átta íþróttamenn voru tilnefndir í kjörinu til íþróttamanns Gróttu og tíu ungmenni voru tilnefnd til íþróttamanns æskunnar. Aron og Eva hafa bæði átt mjög gott ár og eru mjög vel að þessu komin.

Aron er núverandi bikarmeistari karla árið 2012 í kraftlyftingum. Árangur hans er afar glæsilegur þar sem hann sigraði ekki eingöngu í sínum þyngdarflokk heldur sigraði hann alla keppendur í öllum átta keppnisflokkunum. Aron setti mörg glæsileg Íslandsmet á árinu og er núverandi Íslandsmethafi í bekkpressu, réttstöðulyftu og í samantöngdum árangri í 83 kg þyngdarflokk. Miðað við núverandi árangur myndi hann vera á meðal 30 bestu á heimlista. Hann er reglusamur og frábær fyrirmynd fyrir fólk á öllum aldri. Hann tekur virkan þátt í félagsstörfum Gróttu og er mjög

umhugað um framgang íþróttarinnar hér á landi og uppbyggingu kraftlyftingadeildar Gróttu.

Eva er mjög efnilegur leikmaður sem spilar lykilhlutverk bæði hjá 3.- og meistaraflokki kvenna í handknattleik. Hún er öflugur varnar- og sóknarleikmaður, sem getur spilað margar stöður á vellinum en hennar helsta staða er leikstjórnandi þar sem hún stýrir liði sínu af miklum myndarskap. Eva er ósérhlífleikmaður sem leggur sig ávallt 100% fram í þau verkefni sem hún tekur sér fyrir hendur og á framtíðina fyrir sér í handboltanum haldi hún áfram á sömu braut. Undanfarnin ár hefur Eva átt sæti í U-94 landsliði Íslands og var valin til þess að keppa á Opna Evrópumótinu síðasta sumar þar sem hún stóð sig mjög vel.

Gróttu óskar öllum þeim sem voru tilnefndir innilega til hamingju með glæsilega frammistöðu á liðnu ári og sérstakar hamingjuóskir til Arons og Evu.



GETRAUNANÚMÉR
GRÓTTU ER
170



Á þessari mynd sem Ingimar Sigurðsson tók má sjá keppendur á mótinu.

Velheppnað jólamót Zetora

Haldór Fannar Gíslason sigraði á jólamóti Kraftlyftingafélags Seltjarnarness – Zetora fór fram nú í byrjun desember. Ellefu keppendur tóku þátt í mótinu en þetta er í 3. skiptið sem mótið er haldið.

Léttleikinn ræður ríkjum á mótinu, en ekki er keppt eftir ströng-

ustu reglum og án útbúnaðar. Þó var lágmarksþyngd 105 kg. Haldór Fannar sigraði með 155 kg. lyftu, Eiríkur Önundarson, hinn margreyndi körfuboltakappi, lyfti 122,5 kg. og Agnar Þór Guðmundsson lyfti 120 kg. Jenný Magnúsdóttir var eina konan en hún lyfti 85 kg. Léttilega.

Allt á fullu fyrir þorrablótið

Undirbúningur er nú í fullum gangi fyrir hið árlega þorrablót á Nesinu sem verður í félagsheimilinu laugardaginn 2. febrúar n.k. Veislan mun að vanda sjá um þorramatinn og aðrar kræsingar sem verða á borð barnar. Að loknu borðhaldi og skemmtidagskrá mun Kiddi Bigfoot þeyta skífum fram á nótt. Veislustjórn verður í höndum hjónanna Theu og Jóa dans.

Að sögn Hafðísar Guðmundsdóttur, eins af skipuleggjendum þorrablótisins, er stefnt að því að toppa fyrri skemmtanir og verður bryddað upp á nýjungum þetta árið, m.a. farið yfir síðasta ár í spennandi og skemmtilegum annál. „Svo ætlum við að bjóða fólki að koma á laugardegnum milli 13 og 14 og skreyta sín borð í viðbót við okkar skreytingar,

svona til að gera borðin að sínum. Vonandi náum við að skapa nýja hefð hér á Nesinu“, segir Hafðís. Þorrablótíð er ekki aðeins fyrir unnendur hins þjóðlega þorramats. „Nei, í ár verður einnig boðið upp á lamb og kalkún fyrir þá sem hafa minni áhuga á kæstum hákarl, sviðum, súrsuðum hrútsþungum, lundaþöggum og selshreifum“, segir Hafðís og hlær. Hægt er að taka frá borð og kaupa miða á skrifstofu Gróttu, með því að hringja í síma 561 1133 eða senda tölvupóst á grotta@grottasport.is. Miðaverð er 6.900 kr. Fjölmennum öll á skemmtilega skemmtun og styðjum okkar íþróttafélag, Gróttu.



www.grottasport.is

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins er Vigdís Hallgrímsdóttir formaður Trimmklúbbs Seltjarnarness (TKS).

Fullt nafn? Vigdís Hallgrímsdóttir.
Fæðingard. og ár? 30. september 1973.
Starf? Hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á skurðlækningasviði Landspítalans.
Bífreið? Mitsubishi Pajero eða Toyota Yaris.

Helstu kostir? Jákvæð, heiðarleg og árangursdrifin.

Eftirlætis matur? Allt sem Binni eldar.....það hefur sína kosti að vera gift matreiðslumanni!

Eftirlætis tónlist? Engin sérstök, undanfarið hef ég þó hlustað töluvert á Adele.

Eftirlætis íþróttamaður? Allir félagar mínir í TKS, þau eru öll hetjur sem mæta vel á æfingar hvernig sem viðrar, svo finnst mér líka gaman að fylgjast með stelpunum mínum, Sigurlaugu og Bryndísi í sínum íþróttum.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið? Ég horfi lítið á sjónvarp en aðallega á sjónvarpsþætti á RÚV.

Besta bók sem þú hefur lesið? Karítas án tilts eftir Kristínu Marju Baldursdóttur.

Uppáhalds leikari? Meryl Streep.
Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Groundhog Day – get alltaf hlegið að hugmyndinni um að upplifa sama daginn aftur og aftur.

Hvað gerir þú í frístundum þínum? Í frístundum mínum nýt þess að vera með fjölskyldunni minni. Ég nota frítímann líka til að stunda áhugamálin mín sem eru fyrst og fremst hlaup, hjólríðar og sund.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Fjölmargir staðir á Íslandi eru fallegir, t.d. Laugavegurinn og Ingjaldssandur á sumarnótt. Toscana hérað á Ítalíu stendur uppúr erlendis.

Líður þér illa í hjartanu?
1717
opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands



Hvað metur þú mest í fari annarra? Alla jákvæða og góða eiginleika eins og heiðarleika, stundvísi og reglusemi.

Hvern vildir þú helst hitta? Það væri gaman að hitta Florence Nightingale, hún var mikill leiðtogi, frumkvöðull og brautryðjandi í nútíma hjúkrun.

Uppáhalds vefsíða? tks.is, hlaup.is, runnersworld.com og triathlon.competitor.com

Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Góðan tíma í Berlínarmaraboninu.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Ég mundi bjóða stórfjölskyldunni í frí.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég mundi drífa í innleiðingu á endurvinnslutunnum á Seltjarnarnesi, láta laga Eiðistorg og byggja nýtt fimleikahúsið.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni? Ég stefni fyrst og fremst áfram en á þessu ári ætla ég að hlaupa heilt marabon í Berlín í september og stefni að sjálfsgöðu á að bæta tímann minn.

Hvað gerðir þú í sumarfríinu? Ég ferðaðist um Ísland, var m.a. viku í Dýrafirðinum og fór í eftirminnlegt brúðkaup í Arnardal í Skutulsfirði. Helsta afrek sumarsins var að taka þátt í hálfum járnkarli í Hafnarfirði.



Hringbraut 119
Sími: 55 44444

HÍÐ MARGRÓMAÐA ÞORRABLÓT SELTIRNINGA



FÉLAGSHEIMILINU - LAUGARDAGINN 2. FEBRÚAR 2013

Glæsileg dagskrá

- Húsið opnar kl. 19.00 - borðhald hefst kl. 20.00.
- Þorramatur, kalkúnn og lambakjöt frá snillingunum í Veislunni.
- Veislustjórar - Hjónin Thea og Jói dans.
- Annáll ársins - Farið verður yfir árið 2012 á gamansaman hátt.
- Góðir gestir munu kíkja í heimsókn og kæta mannskapinn.
- Happdrætti með veglegum vinningum.
- Kiddi Bigfoot þeytir skífum fram á rauða nótt.

Miðasala í fullum gangi!

- Miðar seldir á skrifstofu Gróttu, í síma 561 1133 og á grotta@grottasport.is
- Miðaverð 6.900 kr.
- Kl. 23.00 verður opnað fyrir aðra gesti, 2.500 kr. inn.
- Tryggðu þér og þínum miða í tæka tíð, aðeins 230 miðar í boði.



Nánari upplýsingar á grottasport.is
og á Facebook